



Dagskrá:

1. Ljósleiðari
2. Viðbragðsáætlun Almanna- og Eftirlitsmanna
3. Endurskoðun aðalskipulags

Sveitarstjóri



linda@gogg.is* eða *gogg@gogg.is



Desember 2017

HVATARBLAÐIÐ



Grimsnes- og Grafningshreppur

óskar íbúum sínum og gestum

Gleðilegra jóla og

farsældar á nýju ári



Jólapóstill

Nú er komið að því árlega, að jólahátíðin og mesta skammdegjónálsgast. En jafnframt stýttist í að daginn fari að lengja aftur með hækkandi sól og meiri birtu. Minningarnar um hið liðna eru okkur nærri og í hugum okkar gerum við upp atburði liðins árs. Samhliða því förum við yfir með hvaða hætti við ætlum að taka á móti nýju ári. Það er nú þannig að maður veit hvað maður hefur en ekki hvað nýja árið mun bera í skauti sér. Komandi ár getur verið tími breytinga og vona ég að við berum gæfu til þess að elska friðinn og gleyma því ekki, að öll höfum við sömu eða a.m.k. svipuð markmið til að búa í samfélaginu okkar.

Það er loksins komið að þeim tímapunkti að ljósleiðari verði lagður/tengdur inn á hvert heimili í sveitarfélaginu. Útboðið sem gert var í sumar hljóðaði upp á að allir yrðu tengdir í seinasta lagi haustið 2019. En við úthlutun styrkja úr verkefninu „Ísland ljóstengt“ fékk sveitarfélagið úthlutað fullum styrk á árinu 2018, þ.e. til tengingar á öll heimili í sveitarfélaginu. Það er von mín að það náist að ljúka verkinu á árinu 2018 og allir verði tengdir fyrir árslok. Það að ljósleiðavæða sveitarfélagið á eftir að gera sveitina okkar að betri stað til að búa á og eykur möguleika okkar, sem hér búum, á fjölbreyttari atvinnu og meiri möguleikum til náms. Það var ákvörðun sveitarstjórnar að sveitarfélagið leggi til um 50 millj. í verkefnið og það til styrktar íbúunum með niðurgreiðslu á tengigjöldum og er það von mín að allir sjái sér fært að tengjast. Þann 7. desember n.k. verður íbúafundur í Félagsheimilinu Borg þar sem farið verður yfir með hvaða hætti verkefnið verður útfært. Á fundinum verður einnig farið yfir stöðu á endurskoðun aðalskipulagsins og viðbragðsáætlun Almanna-varna en vikuna 4. – 7. desember stendur einmitt yfir almanna-varnavrika í sveitarfélaginu.

Við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs voru nokkur atriði höfð til hliðsjónar sem vert er að nefna. Það fyrsta er að útsvarsprósentan mun verða áfram í lágmarki eða 12,44%. Dagvistunargjöld leikskóladeildar Kerhólsskóla og mótuneytis munu verða þau sömu og á árinu 2017. Árskort fyrir íbúa í Íþróttamiðstöðina Borg verða áfram á 8.000 kr. fyrir fullorðna og 3.500 kr. fyrir

Gleðileg jól!

Verzlunin



BORG



Opið öll jólin :)

mánudaga - fimmtudaga

10:00 til 18:00

föstudaga - sunnudaga

10:00 til 20:00

**YMISLEGT TIL
FYRIR KATA
JÓLASVEINA**

VIÐ ERUM MEÐ LOTTÓKASSA



**viking
lotto**

**EURO
JACKPOT**

**1X2
ENSKI BOLTINN**

**1X2
EVROÞUBOLTINN**

Lengjan

Verið velkomin heitt á könnunni

S: 486-4408



Heilsugæslan Laugarási

Tímamantanir í síma 432-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020

alla virka daga milli kl. 8:00 og 9:00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

börn. Árskort þetta gildir í alla þá þjónustu sem veitt er í íþróttamiðstöðinni, sund, þreksal og íþróttasal. Vil ég hvetja sem flesta til að nýta sér þetta og þá þjónustu sem er til staðar í sveitarfélaginu.

Fjárhagsáætlun áráanna 2018-2021 ásamt útkomuspá ársins 2017 er hægt að skoða inn á heimasíðu sveitarfélagsins, www.gogg.is

Í nokkur ár hefur heldri borgurum í sveitarfélaginu staðið til boða að borða í mótuneyti Kerhólsskóla alla virka daga gegn vægu gjaldi. Hægt er að koma og borða einn dag í viku upp í fimm daga vikunnar, allt eftir hentugleika hvers og eins. Einnig er sundlaugin opin fyrir heldri borgara fjóra morgna í viku, þ.e. frá mánudegi til fimmtudags milli klukkan 10 og 12. Nokkrir hafa nýtt sér þessa þjónustu og vil ég hvetja sem flesta til að nýta sér þetta þó ekki sé nema til að borða saman og hittast.

Eins og undanfarin ár vil ég minna á að við jóla og áramót er gott að gleyma ekki ferfætlingunum okkar. Þeir eru ekki allir jafn hrifnir af áramótunum og við mannfólkið. Girðingar þurfa að vera í lagi svo búpeningur sé ekki á vegunum og valdi okkur ekki slysum í myrkrinu. Huga ber að því að þau dýr sem ekki eru tekin á hús hafi aðgang að góðu skjóli og nægt fóður og að okkur ber skylda til að láta vita ef við verðum þess var, að eitthvert dýr hafi það ekki gott.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



Ungmennapíng í Grímsnes- og Grafningsshreppi

Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningsshrepps boðaði til ungmennapíngs í Félagsheimilinu Borg á dögum. Tilgangur píngsins var að skapa vettvang þar sem ungmenni og ráðamenn svæðisins gætu átt samtal um málefni tengd sveitarfélaginu.

Á pínginu kynnti Ungmennaráð Suðurlands nýútkomna handbók ungmennaráða og Hörður Óli Guðmundsson flutti erindi um það sem einkennir sveitarfélagið. Seinni helming píngs völdu gestir píngsins sér umræðuefni og mál sem þeir vildu ræða frekar. Skipt var í umræðuhópa þar sem eftirfarandi málaflokkar voru ræddir.

- Atvinnutækifæri
- Félagslíf og afþreying
- Heilbrigðismál
- Húsnæðismál
- Samgöngumál
- Skóli/menntun
- Umhverfismál
- Virkni og þátttaka

Nú bíður ungmennaráðs það verk að vinna úr því sem fram kom á pínginu og kynna síðar á fundi með sveitarstjórn.

Með þessu er vonast til að skoðanir ungmenna fari að spila stærra hlutverk, þegar kemur að ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.

Nudd – Nudd - Nudd

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir og nánari upplýsingar má finna á

facebook síðunni minni: NG ehf og í síma 897-6944.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.

Nils Guðjón – Bowentæknir og nuddari.
nilsgudjon@gmail.com



SKsmiður
Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Feðgar á ferð

á DVD fyrir jólin + 16 þættir af
Ísland í sumar

heimsækja þeir feðgar, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Selfossi og Fannar Freyr Magnússon, jákvætt og skemmtilegt fólk sem er á öllum aldri og hefur frá mörgum skemmtilegu að segja.

Jákvæðni og lífsgleði er mottó þáttanna. Á nýja disknum eru þættirnir tíu sem sýndir voru sumarið 2017, auk sextán skemmtilegra innslaga frá Magnúsi Hlyni sem hann var líka með á Stöð 2 sumarið 2017 en þeir þættir hétu „Ísland í sumar“.

Nú gefst öllum tækifæri á á að sjá þættina, ekki síst þeim sem eru ekki áskrifendur á Stöð 2 og misstu því af Feðgum á ferð og Ísland í sumar. Tveir diskar eru í coverinu, annar með þáttunum tíu og hinn með innslögunum sextán.



Diskurinn er seldur í Bónus á Selfossi, Hveragerði og í Bónus Smáratorgi, ásamt Krónunni á Selfossi, í Nettó á Selfossi + Bókakaffinu á hjá BjarnaHarðar á Selfossi. Það er líka hægt að panta diskinn og fá hann sendan heim í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is

Flott tækifæris eða jólagjöf.

Gleðileg jól !

Frá Ungmennabingi



Árshátíð Kerhólsskóla 2017

Í ár var farið óhefðbundnar leiðir við útfærslu árshátíðarinnar, hátíðin var tengd þemaviku skólans og þjóðsagnaminninu. Annað nám var lagt til hliðar á meðan.

Nemendum var skipt í fimm hópa eftir flokkum þjóðsagna og voru þeir eftirtaldir:

- Álfar og huldufólk
- Tröll
- Dvergar
- Draugar
- Galdrar



*Áramótabrenna og flugeldasýning
verður við golfvöllinn á Borg 31. des.*

Kveikt verður í brennu kl. 20:30

Flugeldasala hjálparveitarinnar Tintrons verður
eins og vanalega á Austurvegi 23 Selfossi.

Styrkjum Björgunarsveitirnar.



Hjálpar sveitin Tintron þakkar öllum fyrir
góðar móttökur vegna sölu á neyðarkallinum.



**Þökkum stuðninginn
og sendum
bestu óskir um
Gleðileg jól !**

Jólaball

Hið árlega jólaball foreldrafélags Kerhólsskóla verður
haldið þann 20. des. kl. 13.00 í Félagsheimilinu Borg.



Dansað í kringum jólatréð

Heitt jólakakó, pönnukökur og heimabakað bakkelsi.
Svo kikir að sjálfsögðu jólasveinn í heimsókn.

Allir velkomnir!





Blóm fyrir jólin!



**Amarillis, Hyasintur,
Túlípanar og**

FERSKAR KRYDDJURTIR



Opið verður alla
virka daga frá
10-16 eða eftir
samkomulagi.



*Verið hjartanlega
velkomin.*

Ágætu sveitungar og ekki síður burt fluttir Grímsnesingar.

Kvenfélag Grímsneshrepps verður 100 ára árið 2019 og er ætlunin að gefa út bók af því tilefni.

Þess vegna leitum við í ritnefndinni til ykkar um að hjálpa okkur að finna myndir úr starfinu á þessari löngu "ævi". Það gerir bókina svo miklu skemmtilegri að hafa mikið af myndum.

Með von um góð viðbrögð.

Lísa Thomsen s. 8638814

Þórunn Oddsdóttir s. 856-1145

Guðrún Ásgeirsdóttir s.841-6856





Kæru sveitungar !

Viljum minna á, að 2017 árgangurinn af okkar gómsæta gulrótarmarmelaði er komið í krukur og er til sölu hjá félögum í Lionsklúbbnum Skjaldbreið, Versluninni Völu og í Versluninni Borg. Innihaldið er „gulrætur, sykur, appelsínur, sítrónur og vatn“.



Einnig erum við að selja á sömu stöðum jólakort sem nemendur í 9. og 10. bekk Kerhólsskóla myndskreyttu fyrir okkur og mun ágóðinn af korta-sölu renna til skólans.

Með von um góðar viðtökur.



Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Gleðileg jól !

Fjallskil 2017

Reikninga vegna unninna fjallskila þarf að senda inn til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps í allra seinasta lagi föstudaginn 8. desember 2017





Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Desember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Flúðir 18-21	23. des Jólafrí



Saumakompan

Kringlu Grímsnesi

Gleðileg jól !

Fataviðgerðir, gardínusaumur

Elsa Jónsdóttir

Sími **486 4515**



Skötuveisla !

Kæru sveitungar !

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður
verður með skötuveislu á
Þorláksmessudag í
Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 - 14:00

Skata og saltfiskur ásamt
tilheyrandi meðlæti.

Kr. 2500,- á mann

kr. 500,- fyrir börn 6 - 12 ára
frítt fyrir börn 0 - 6 ára

Vekið bragðlaukana fyrir jólin
og mætið í skötuna.



Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Gleðileg jól !



Tökum að okkur
STÓR og smá verk:

jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Gleðileg jólar!

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Gleðileg jólar!

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss



**Íþróttamiðstöðin
Borg**

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Gleðileg jólar!

Um hátíðarnar.

Lokað verður á Þorláksmessu,

Aðfangadag, Jóladag og

Annan í Jólum.

Einnig Gamlársdag og Nýársdag.

Aðra daga er opið eins og
vetraropnun segir til um.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530